

**382. fundur fræðslunefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. september**  
**2017 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir formaður, Bragi Rúnar Axelsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Martha Kristín Pálmadóttir aðalmaður og Gunnhildur Björk Elíasdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Guðrún Birgisdóttir, Skóla- og sérkennslufulltrúi.

Mættir áheyrnafulltrúar fyrir grunnskólamála: Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi skólastjóra og Sveinbjörn Magnason, fulltrúi foreldra. Bryndís Birgisdóttir, fulltrúi kennara, boðaði forföll.

Mættir fulltrúar fyrir leikskólamála: Helga Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra, Lísbet Harðardóttir, fulltrúi foreldra mætti ekki og enginn í hennar stað.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064**

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

*Gerð var grein fyrir þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.*

**2. Endurskoðun á skólastefnu Ísafjarðarbæjar - 2016100048**

Kynnt drög að áframhaldandi vinnu við endurskoðun á skólastefnu Ísafjarðarbæjar.

*Kynnt var hver staðan er við endurskoðun skólastefnu Ísafjarðarbæjar og drög að áframhaldandi vinnu.*

**3. Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla 2016-2017 - 2016070011**

Lagðar fram ársskýrslur fyrir leikskólana Laufás á Þingeyri og Sólborg á Ísafirði fyrir skólaárið 2016-2017.

*Fræðslunefnd þakkar fyrir góðar ársskýrslur leikskóla sem gefa góða innsýn í skólastarfið.*

**4. Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla 2017-2018 - 2017060059**

Lögð fram starfsáætlun fyrir leikskólann Tjarnarbæ á Suðureyri, fyrir skólaárið 2017-2018.

*Fræðslunefnd þakkar fyrir vandaða og greinargóða starfsáætlun.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:50**

---

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir

---

Bragi Rúnar Axelsson

---

Jónas Þór Birgisson

---

Martha Kristín Pálmadóttir

---

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

---

Margrét Halldórsdóttir